



Frumvarp til fjárukalaga 2016 – er staðan eins góð og af er látið?

Flókin mynd ríkisfjármála

Frumvarp til fjárukalaga fyrir yfirstandandi ár var lagt fram í síðustu viku. Frumvarpið er sérstakt að því leyti að það er annað fjárukalagafrumvarpið af tveimur fyrir 2016. Því til viðbótar er niðurstöðutala þess neikvæð um nærri því 80 ma.kr. sem passar kannski ekki sérlega vel við þá umræðu sem hefur farið fram um góða stöðu ríkisfjármála.



Umgjörðin um ríkisfjármálin heldur áfram að vera mjög óvenjuleg. Eftir óvenjulega liði undanfarinna ára, á borð við endurgreiðslur vegna verðtryggðra íbúðalána og áhrif stöðugleikaframlaga á stöðu ríkissjóðs og uppgjör hans, er nú verið að breyta uppgjörsaðferðum ríkissjóðs verulega. Allur samanburður við fyrri ár verður því erfiðari en ella. Þessu til viðbótar flækja fyrri fjárukalög stöðuna þar sem menn hafa valið að gefa fjárlögunum fyrir 2016 og fyrri fjárukalögum samnefnarann fjárlög 2016 í samanburði útgjalda. Niðurstaðan er því að ríkisfjármálin eru óvenju ógagnsæ um þessar mundir.

Staða fjárukalaga

Samkvæmt nýju lögunum um opinber fjármál sem tóku gildi í upphafi ársins á að minnka notkun fjárukalaga eftir fremsta megni og gera þau að einskonar öryggisventli. Það frumvarp sem nú liggur fyrir verður því það síðasta í gamla uppgjörskerfinu og þar hefur verið gefið hressilega í. Boðaður halli í fjárukalögum er fáheyrður og hvorki í samræmi við þá umræðu sem hefur farið fram um ríkisfjármál né þá nauðsyn að ríkisfjármálin taki mið af hagsveiflunni.

Gjöld aukast mun meira en tekjur

Aukin umsvif í samfélaginu hafa haft mjög jákvæð áhrif á tekjur ríkissjóðs. Á sama tíma hefur ekki tekist sérstaklega vel að halda aftur af útgjöldum þannig að rekstrarniðurstaða batni. Frá fjárlögum ársins 2016 er nú reiknað með að tekjur án





stöðugleikaframlaga aukist um 90 ma.kr. en gjöld aukist um 135 ma.kr.

Í stað þess að frumjöfnuður verði jákvæður um 64 ma.kr., eins og reiknað var með, verður hann nú neikvæður um 22 ma.kr. Heildarjöfnuður verður neikvæður um 77 ma.kr. í stað þess að verða jákvæður um 7 ma.kr. eins og fjárlög kváðu á um.

Breytingar á tekjum


Stærstu breytingar á tekjuliðum í frumvarpi til fjárukalaga eru tekjur af arðgreiðslum ríkissjóðs vegna fyrirtækja í eigu hans. Þarna er fyrst og fremst um að ræða banka í eigu ríkisins og verða tekjurnar um 23 ma.kr. meiri en áætlað var. Þá verða tekjuskattar einstaklinga um 12 ma.kr. meiri en reiknað var með og virðisaukaskattur álíka mikið meiri. Þarna koma fyrst og fremst til miklar hækkanir á tekjum einstaklinga og aukin velta í hagkerfinu.

Lífeyrisskuldbindingarnar vega þungt

Langstærsti útgjaldaaukinn kemur til vegna einskiptisgreiðslu til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) í tengslum við jöfnun lífeyrisréttinda (108,5 ma.kr.), auk yfirtöku ríkissjóðs á lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila og samtaka í velferðarþjónustu (9,5 ma.kr.). Mikil samstaða ríkir um að greiðslan inn í LSR sé bæði skynsamleg og nauðsynleg, en henni er einfaldlega bætt við útgjöld án þess að nokkuð sé gert á móti. Ljóst er að ríkissjóður á eftir að greiða mun hærrí fjárhæðir inn í B-deild LSR á næstu árum og þá mun væntanlega ekki verða hægt að beita sömu aðgerðum útgjaldamegin í reikningum ríkissjóðs.


Breytingar á öðrum útgjaldaliðum eru mun minni og sumar neikvæðar. Fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs eykst um tæpa 5 ma.kr. aðallega vegna mikilla tekna af arðgreiðslum. Útgjöld til sjúkratrygginga aukast um rúma 3 ma.kr. og um 1 ma.kr. til lífeyristrygginga. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs lækkar um tæpa 3 ma.kr., aðallega vegna lægri skulda. Þá lækka útgjöld til atvinnuleysistrygginga, barnabóta og vaxtabóta frá því sem áætlað var. Ástæður þess eru annars vegar betra atvinnustig og mikill tekjuauki þeirra sem hafa fengið barna- og vaxtabætur.

Breytingar á afkomu ríkissjóðs án stöðugleikaframlaga




Heimild: Fjárlög 2016 og frumvarp til fjárukalaga 2016

Breytingar á nokkrum tekjuliðum í frumv. til fjárukalaga



Heimild: Frumvarp til fjárukalaga 2016

Breytingar á nokkrum gjaldaliðum í frumvarpi til fjárukalaga



Heimild: Frumvarp til fjárukalaga. Útgjöld vegna lífeyrismála eru ekki með á þessari mynd.



Óvenjuleg staða

Stefnt er að því að afgreiða bæði fjárlög og fjáráukalög fyrir áramót. Þetta gerist við mjög óvenjulegar aðstæður, bæði tímaskort þar sem bæði frumvörp komu seint fram, en einnig vegna þess að starfandi ríkisstjórn hefur ekki meirihluta á Alþingi sem stendur á bak við þessi frumvörp til þess að tryggja þeim framgang. Frumvarpið til fjáráukalaga er líka óvenjulegt að því leyti að niðurstöðutala þess er mjög neikvæð sem er ekki í samræmi við þá stöðu sem fjáráukalögum er ætlað að hafa samkvæmt nýjum lögum um fjármál hins opinbera.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.